

Skipulagsstofnun

15.12.2025

sent á skipulagsgatt@skipulagsgatt.is
Mál nr.1542/2025

Búðafossvegur milli Þjórsárdalsvegur og Landvegur


Inngangur

Vegagerðin áformar brú á Þjórsá fyrir ofan fossinn Búða. Vegurinn verður í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Rangárþingi ytra. Fram kemur í greinargerð að alls hafi sjö veglínur verið teknar til skoðunar fyrir staðsetningu Búðafossvegur. Athugasemdir hafa borist vegna þeirra allra og þá helst frá nærsvæði áformaðra framkvæmda enda er svæðið viðkvæmt. Við þessa veglínu eru líka athugasemdir á skipulagsgátt frá landeigendum með lögvarða hagsmuni.

Megináherslur Landverndar og athugasemdir


Landvernd vekur athygli á mikilvægum þáttum sem ættu kalla á umhverfismat framkvæmdarinnar.

1. Áformað framkvæmdasvæði Búðavossvegur er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði <https://www.birdlife.org/projects/ibas-mapping-most-important-places/> sjá kort NÍ hér undir til staðfestingar.



2. Veglína að verulegu leyti innan nútímahrauns sem nýtur sérstakrar verndar. Gosmyndanir frá nútíma eru fágætar á heimsvísu og njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. [laga nr. 60/2013 um náttúruvernd](#). Þær eru oft með viðkvæmt yfirborð sem raskast auðveldlega við álag. Mosi á hraunum er fljótur að láta á sjá ef álag er mikið.

Sjá kort NÍ hér undir til staðfestingar.




3. Framkvæmdasvæðið mun að óbreyttu hafa neikvæð áhrif á votlendi sem sjá má á korti NÍ en áhersla er af hálfu stjórnvalda að hætta að raska mikilvægum votlendi og búsvæðum, plantna og dýra, heldur vernda það sem mikilvægt mótvægi gegn loftslagsvánni. <https://island.is/s/land-og-skogur/vernd-votlendis> - <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrlur-og-skrar/Verndun%20votlendis%202021.pdf> Núverandi ríkisstjórn og ráðherra málaflokksins lagt ríka áherslu á að vernda líffræðilega fjölbreytni með megináherslu á að viðhalda og endurheimta votlendi. Hér farið gegn þeirri stefnu. https://www.mbl.is/frettir/innlent/2025/09/16/endurheimt_votlendis_hagkvaemust/

Mikið hefur verið gengið á votlendi Íslands á undanförunum áratugum með framræsingum sem var styrkt úr opinberum sjóðum. Nú er tiltölulega lítið eftir af óröskuðu votlendi á láglendi og aðeins 3% alls votlendis á Suðurlandi er eftir óraskað og aðeins 18% á Vesturlandi. Heimild: <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/ramsarsvaedi/um-votlendi/>



Yfirlitsmynd af framkvæmdasvæði Búðafossvegar.



Hér til samanburðar má sjá hvar veglína mun skera stórt votlendissvæði sem athugasemdir hafa verið gerðar við. Þar að auki má sjá hvar gert er ráð fyrir vegi af stofnvegi að grjóti eða malarnámu nálægt Búðafossi sem mun skerða ásjón hans eins og veglína og brú. Landvernd leggur áherslu á að í umhverfismati verði metnar jarðminjar og ásjón vegna námuvinnslu í grennd við Búðafoss.

Lokaorð

Við stóra framkvæmd sem hér er áformuð á viðkvæmu svæði þar sem umhverfi og náttúra skora hátt í verðmætamati telur Landverndar nauðsynlegt að gera umhverfismat. Þessi brú hefur lengi vel verið tekin fram af Landsvirkjun sem mótvægisáðgerð við Hvammsvirkjun. Landvernd telur að Landsvirkjun ætti ekki að vera heimilt að nota samgöngubætur sem verkfæri til þess að liðka fyrir eigin framkvæmdum en hér vantar gagnsæi um hvort Landsvirkjun hafi aðkomu að framkvæmdinni. Orkufyrirtæki eiga ekki að standa í óskyldum innviðaframkvæmdum og rugla þar með forgangsöröðun. Samgönguinnviði skal ákveða með fjárlögum beint úr ríkissjóði í gegnum Vegagerðina.

Með vinsemd og virðingu

*Formaður Landverndar
Þorgarður María Þorbjarnardóttir*